

2. fundur Delta - deildar starfsárið 2017 – 2018
30 ára afmæli Deltadeildar
haldinn í Stúkuhúsinu á Safnasvæðinu að Görðum á Akranesi 18. nóvember, 2017



Mættar:

Jóhanna Karlsdóttir, Gyða Bergþórsdóttir, Hildur Þorsteinsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir, Jensína Valdimarsdóttir, Ingibjörg Konráðsdóttir, Elísabet Jóhannesdóttir, Brynja Helgadóttir, Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir, Inga Stefánsdóttir, Soffía Sigurjónsdóttir, Halldóra Jónsdóttir, Theódóra Þorsteinsdóttir, Guðlaug Sverrisdóttir, Jónína Erna Arnardóttir, Þórunn Reykdal, Jónína Eiríksdóttir, og Ásta Egilsdóttir. Á myndina vantar Sóley Sigurþórsdóttur.

Forföll boðuðu: Þrúður Kristjánsdóttir, Dagný Emilsdóttir, Sigurveig Sigurðardóttir og Kristín Thorlasius.

Dagskrá fundar:

1. Dagskár hófst kl. 16 með fordrykk í boði Delta og var afmælissöngur sunginn undir stjórn Theódóru.
2. Guðlaug setti fund og bauð félagskonur velkomnar. Klappað var sérstaklega fyrir þeim stofnfélögum Deltadeildar sem voru viðstaddir. Hildur kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi. Guðlaug flutti kveðju frá Jónu Benediktsdóttur, forseta DKG og frá félagskonum sem boðuðu forföll.
3. Að því loknu tók Jóhanna við fundarstjórn og kynnti dagskrá afmælissfundarins.
4. Ásta las fundargerð síðasta fundar og kynnti spjald sem dreift var til félagskvemma en á því eru markmið, stefna og sýn DKG ásamt upplýsingum um lykilinn.

5. Orð til umhugsunar. Jensína flutti þau að þessu sinni. Jólaljósín voru henni ofarlega í huga, hvernig þau lýsa upp skammdegið og gleðja huga okkar. Það væri því hið besta mál að setja jólaljósín snemma upp og taka þau seint niður.
6. 30 ára afmælisannáll Deltadeildar í umsjá sögunefndarinnar:
 - a. Sigrún og Jónínu Eiríks fluttu yfirgripsmikinn og góðan annál um 30 ára starfsemi Delta.
 - b. Halldóra fór yfir þróun á fjölda félaga í Delta þessi 30 ár og færði Guðlaugu formanni innritunarbókina til varðveislu.
 - c. Elísabet tók saman lista yfir sameiginlega fundi Deltadeildar með öðrum deildum DKG.
 - d. Soffía hafði það hlutverk að safna saman frásögnum félagskvenna af eftirminnilegum atburðum eða hughrifum í starfi Delta, frumsömdum ljóðum og ljóðum eftir ættingja sem þær hafa flutt á fundum og myndum úr starfinu sem hún átti í fórum sínum.
7. Stofnfélagar heiðraðir. Stofnfélagarnir Hildur Þorsteinsdóttir og Þrúður Kristjánsdóttir voru heiðraðar fyrir störf þeirra í þágu Deltadeildar og landsambands DKG og var þeim afhent innrammað heiðursskjal og rauð rós. Hildur er ein af þeim sem komu til upphafslegs stofnfundar Deltadeildar í maí 1987. Hún var formaður deildarinnar árin 1992 – 1994. Í umsögn um Hildi segir m.a. að hún hafi ávalt verið dyggur liðsmaður og kjölfesta um langa hríð, m.a. þegar deildin strýddi hvað harðast við að halda félagafjölda í viðunandi horfi. Þrúður gekk til liðs við Deltadeildina á seinni stofnfundi hennar 31. október 1987, var formaður hennar árin 1990 – 1992 og sat í ritnefnd landsambandsins árin 2009 – 2011. Í umsögn um Þrúði segir að hún hafi alla tíð verið gefandi og traustur félagi sem staðið hefur vörðinn í nyðri hluta svæðisins okkar og sótt fundina um langan og oft háskalegan veg.
8. Öðrum stofnfélögum, þeim Kristínu, Gyðu, Jóhönnu, Sigrúnu og Jensínu var fært viðurkenningarskjal og rós fyrir ötult og gefandi starf í þágu Deltadeildar í gegnum árin.



9. Þórunn las upp ljóð sem geymdi hugrenningar hennar á degi Sameinuðu þjóðanna og afmælisdegi kvennafrídagsins 24. okt 2005. Þórunn segir sjálf frá: „Byrjaði daginn á því að leggja rauðar rósir á leiði mömmu heitinnar og móðurömmu, þakkaði lífgjöfina. Gekk svo með hópi nemenda og kennara við KHÍ (ábyggilega Jóhönnu Karls o. fl. DKG kvenna) frá Kennó, að Hallgrímskirkju og svo þaðan niður á Ingólfstorg :-)
10. Theódóra söng lag við ljóð móður sinnar og flutti svo söngatriði úr söngleiknum Mógli við undirleik Jónínu Ernu.
11. Sögur úr kennslu. Ingibjörg sagði frá.
12. Formlegri dagskrá í Stúkuhúsinu lauk um kl. 18.00.
13. Myndataka. Guðlaugur Óskarsson eiginmaður Jónínu Eiríks. sá um myndatökuna líkt og hann gerði á 25 ára afmælinu.
14. Hátíðarkvöldverður. Að lokinni dagskrá í Stúkuhúsinu fluttum við okkur yfir í Garðakaffi þar sem við borðuðum dýrindis kvöldverð og skröttuðumst saman í leikjum, söng, gleði og kærleik. Tókum sporið undir stjórn Guðlaugar og stjórnarkonur sýndu 30 ára gamlan fatnað sem þær höfðu stutta tölu um.
15. Hapdrættið var á sínum stað. Vinningar voru þrír að þessu sinni en hinn formlega hapdrættisvinning fékk hún Ingibjörg okkar.
16. Afmælishátíðinni lauk um kl. 22.00. Félagskonur héldu glaðar heim á leið að loknum velheppnuðum afmælisfundum, stoltar af afmælisbarninu sem hefur þroskast vel og dafnað á sínum 30 árum og gefið þeim margar kærleiksríkar minningar.



Fylgigögn geymd í rafrænu formi:

- Kveðja frá Jónu Benediktsdóttur, forseta DKG
- Spjald sem dreift var til félagskvenna en á því eru markmið, stefna og sýn DKG ásamt upplýsingum um lykilinn
- Annáll Sigrúnar og Jónínu E.
- Þróun á fjölda félaga í Delta 30 ár
- Listi yfir sameiginlega fundi Deltadeildar með öðrum deildum DKG
- Frásagnir félagskvenna af eftirminnilegum atburðum eða hughrifum í starfi Delta
- Ljóðasafn
- Umfjöllun um heiðursfélagana Hildi Þorsteinsdóttur og Þrúði Kristjánsdóttur.
- Afrit af heiðusskjölum og viðurkenningarskjölum sem veitt voru stofnfélögum á afmælisfundinum.

Ásta Egils
Ritari Deltadeildar